

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Grænni byggð – Green Building Council Iceland  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík  
[gb@graennibyggd.is](mailto:gb@graennibyggd.is)  
[www.graennibyggd.is](http://www.graennibyggd.is)  
Sími: +354 6922202



# Umsögn Grænni byggðar um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

## 1. INNGANGUR

Grænni byggð fagnar því að það sé komin fjármögnuð aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Að mati Grænni byggðar er þó þörf á róttækari, fjölbreyttari og markvissari mælanlegum aðgerðum en þeim 34 aðgerðum sem koma fram í áætluninni.

Það er almenn samstaða að loftslagsvandinn sé ein helsta ógn samfélagsins og að tími til aðgerða er núna. Á stjórnámálamönnum samtímans hvílir því afar mikil ábyrgð í þessum efnum, hvernig við bregðumst við á næstu árum er afgerandi fyrir framtíð okkar.

Stjórnvöld hafa einnig sagt að þau vilja að Ísland sé góð fyrirmynd í loftslagsmálum og við verðum því að gera betur en aðrir og betur en núverandi aðgerðaráætlun leggur upp með ef það á að verða að veruleika.

## 2. VALDAR ÁHERSLUR OG SKORTUR Á ÁHERSLUM

Grænni byggð fagnar áherslum varðandi orkuskipti í samgöngum. Orkuskipti í samgöngum með aukinni rafbílavæðingu og rafhjólavæðingu er mjög jákvæð. Einnig er jákvætt að auka hlutfall vistvænna bifreiða sem ganga t.d. fyrir metani eða vetni.

Á sama tíma og Grænni byggð fagnar áherslu á orkuskipti í vegsamgöngum saknar Grænni byggð mun sterkari áherslu á fjölbreyttan ferðamáta í aðgerðaráætluninni.

Grænni byggð vill að ríkisfjármögnun í Borgarlínuna verði tryggð í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Í samgönguáætlun til næstu fimm ára er staðan sú að ríkisfjármögnun í Borgarlínu er heldur ekki tryggð. Fjármögnun í Borgarlínu þarf að vera tryggð og í forgangi í loftslags- og samgöngumálum.



Grænni byggð saknar einnig sérstaklega að það sé engin áhersla lögð á byggingargeirann í aðgerðaráætluninni. Þrátt fyrir að byggingariðnaðurinn skori ekki hátt í þeim tölum sem lagðar eru fram varðandi losun Íslands, þá stendur byggingariðnaðurinn fyrir mikilli beinni og óbeinni losun. Kolefnisspor frá byggingariðnaði og hinu byggða umhverfi þarf að kortleggja betur á Íslandi og ætti sú kortlagning að vera aðgerð í aðgerðaráætluninni. Núverandi tölum um losun er ábótavant í þessum málaflokki. Hvernig við staðsetjum, hönnum, byggjum, rekum og tökum niður byggingar er mikilvægt umhverfis- og loftslagsmál. Ef við vitum ekki stöðuna nógu vel er erfitt að setja sér markmið. En byggingarframkvæmdir og rekstur bygginga á Íslandi getur verið mun kolefnisvænni og umhverfisvænni en í dag og við verðum að sjá jákvæða framþróun í þeim geira eins og í öðrum geirum.

Viðhald í ríkisreknar byggingar er loftslagsmál, hvernig við viðhöldum eða viðhöldum ekki byggingum okkar getur leitt til óþarfa nýbygginga með tilheyrandi loftslagsáhrifum. Það þarf að leitast við að nýta núverandi byggingar eins vel og hægt er og veita fjármagni í nauðsynlegt viðhald til að lengja líftíma bygginga.

Einnig saknar Grænni byggð mun róttækari aðgerða – hvötum varðandi að auka hlutdeild hjólreiða í þéttbýli. Hjólandi vegfarendum er að fjölga með aukinni vitund um umhverfismál og lýðheilsu og mikilvægt að nýta sér það. Grænni byggð hvetur til þess að í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum séu mælanleg markmið varðandi fjölda hjólreiðaferða um að hjólreiðar verði 8% af ferðum landsmanna og 10-15% af ferðum í stærri bæjum fyrir 2025.

### AÐGERÐIR SEM ÆTTU AÐ FARA INN Í AÐGERÐARÁÆTLUN

- Fjármögnun Borgarlínu
- Kortleggja betur losun frá byggingariðnaði og mannvirkja framkvæmdum
- Að ríkið setji sér markmið um að byggja t.d. fimm byggingar með eins lágt kolefnisspor og hægt er, t.d. um 50-70% lærra en venjuleg bygging
- Fjármagna vistferilsgreiningar á a.m.k fimm opinberum byggingarframkvæmdum árið 2019 til þess að auka þekkingu
- Aukin áhersla og markmið varðandi innleiðingu á hringrásarhagkerfinu í framleiðslu og neyslu
- Stuðla að og innleiða fjárhagslega hvata og flýtimeðferðum fyrir vistvænar byggingar
- Eyrnamerkja aukið fjármagn í innviði fyrir hjólreiðar, 10% af nýframkvæmdafé.
- Fella niður virðisaukaskatt á hjólum, rafmagnshjólum og hjólaviðgerðum.
- Fjárveiting í verkefnið um Græna stíginn í Græna treflinum á höfuðborgarsvæðinu og stuðla að bættu samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (fyrirmynd vegurinn frá Akureyri inn á Hrafnagil).
- Fjárhagslegir hvatar fyrir sveitarfélög sem setja sér ákveðin markmið varðandi vistvænar samgöngur og ná þeim að fyrirmynd norðmanna.



- Verkefni sem stuðla að því að tryggja þekkingu á viðgerðum fyrir hjólreiðar, rafmagnshjól og rafmagnsbíla.
- Heilstæð stefna um staðsetningu á ríkisrekinni þjónustu við þéttbýliskjarna/almenningsamgöngur.
- Markmið um að hjólreiðar verði 8% af ferðum landsmanna og 10-15% af ferðum í stærri bæjum fyrir 2025.
- Landsáætlun varðandi gangandi vegfarendur.
- Setja á fót samráðshóp sveitarfélaga varðandi aðgerðir og markmiðasetningu í loftslagsmálum og grænum lausnum.
- Fjárhagslegir hvatar til orkuskipta fyrir atvinnutæki, t.d. gröfur og aðrar vinnuvélar (jarðefnaeldsneytisfrí vinnusvæði).
- Ríkisreknar stofnanir hafi sýnilegar hjólageymslur fyrir bæði starfsmenn og gesti (með hleðslumöguleika fyrir rafhjól og viðgerðastæði fyrir hjól)
- Tryggja betur umferðaröryggi við grunn-, framhalds- og háskóla og við íþróttamannvirki fyrir gangandi og hjólandi.
- Fella niður skatta og gjöld á framkvæmdir sem stuðla að vistvænni samgöngum hjá fyrirtækjum, t.d. eins og byggingu á hjólageymslu eða byggingu á sturtuáðstöðu.
- Kortleggja samgöngumáta framhaldskóla og háskólanema, og setja sér markmið um að hlutfall þeirra nema sem að nýta vistvænar samgöngur væri a.m.k 50% fyrir 2023.
- Betri samvinna á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga varðandi vegaframkvæmdir og aðgerðir varðandi hjóla og göngustíga
- Allar flugferðir ríkisstarfsmanna, bæði í innanlandsflugi og í millilanda flugi ætti að kolefnisjafna frá og með 2019.
- Að fjárfesta í góðum fjarfundabúnaði á stærri opinberum vinnustöðum þar sem vinnufundir erlendis eru oft á ári.
- Útbúa staðla/viðmiðunarreglur um gerð hjólreiðamannvirkja
- Byggja stofnbrautir fyrir reiðhjól milli sveitarfélaga og hverfa
- Gera útreikningar á kolefnisspori framkvæmda eðlilegan hlut af umhverfismati. Með slíkri kortlagningu er hægt að fara í tilhlýðlegar mótvægisáðgerðir við losun.
- Auka fræðslu varðandi nýtingu á varmadælum fyrir heimili/sumarhús/hótel utan hitaveitu.
- Draga úr orkusóun í byggingum með aukinn fræðslu og herða byggingarreglugerð varðandi einangrunargildi í skel

### 3. ATHUGASEMDIR VIÐ ÁKVEÐNAR AÐGERÐIR

4. Nýskráning dísel- og bensínbíla verði óheimil eftir 2030.



*Engin ástæða fyrir því að vera eftirbátar norðmanna í þessu, en þeir hafa sett sér þetta markmið fyrir 2025. Ísland ætti einnig að gera það.*

19 Landgræðsla: Efling landgræðslu til kolefnisbindingar Framkvæmd:

*Mikilvægt að huga að landgræðslu og vistkerfum í þéttbýlum líka, t.d. með aukinn áherslu á blágrænar regnvatnslausnir og græna innviði. Það er hægt að nýta byggingar betur til dæmis með aukinni áherslu á græn þök og græn svæði.*

23. Loftslagssjóður: Stuðningur við nýsköpun á sviði loftslagsmála Framkvæmd:

*Loftslagssjóðinn þarf að styrkja og hann þarf að opna fyrir verkefnum sem fjalla beint um aðgerðir sem draga úr losun, ekki eingöngu nýsköpunarverkefni. Til dæmis kostnað varðandi fræðsluverkefni, fjármögnun á fjarfundabúnaði og betri innviði fyrir rafhjól/rafbíla og betri aðstöðu til flokkunar og endurvinnslufarvegi í úrgangsmálum.*

Fyrir hönd Grænni byggðar  
Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri,  
Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, stjórnarformaður



